



## Atvinnuleysi jókst lítillega í janúar - í fyrsta skipti í langan tíma

Samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar var skráð atvinnuleysi í janúar 5,2% af áætluðum fjölda fólks á vinnumarkaði og jókst um 0,3 prósentustig frá því í desember. Það voru 10.541 á atvinnuleysisskrá í lok janúar.

Skráð atvinnuleysi náði hámarki í janúar 2021 þegar það var 11,6% og hefur því minnkað um 6,4 prósentustig á einu ári.

Vinnuálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni verða svipað í janúarmánuði og verði rúmlega 5%. Atvinnuleysi er nú álíka og það var í upphafi ársins 2020, áður en faraldurinn skall á.



### Lítilsháttar aukning nær alls staðar á landinu

Atvinnuleysi jókst alls staðar á milli desember og janúar. Atvinnuleysi jókst mest um 0,4 prósentustig á Norðurlandi eystra. Atvinnuleysi er eftir sem áður langmest á Suðurnesjum og á höfuðborgarsvæðinu, en það hefur nú verið undir 10% á Suðurnesjum í sex mánuði, en hæst fór það í 24,5% í janúar 2021. Atvinnuleysi kvenna á Suðurnesjum var þó áfram 10,1% í janúar og jókst um 0,1 prósentustig milli mánaða.

### Atvinnuleysi meira meðal karla

Atvinnuleysi bæði karla og kvenna jókst á milli desember og janúar. Aukningin var eilítið meiri meðal karla. Atvinnuleysi karla í janúar var 5,4% á meðan það var 5,0% meðal kvenna. Atvinnuleysi meðal kvenna var meira en karla fram eftir árinu 2021, en í nóvember tóku karlarnir fram úr og hefur munurinn aukist lítillega síðan þá.

Munurinn á atvinnuleysi karla og kvenna er mestur á Suðurlandi, en þar er hann 1,5 prósentustig konum í óhag. Á höfuðborgarsvæðinu er atvinnuleysi karla 0,7 prósentustigum meira en kvenna og ráða þær tölur auðvitað miklu um niðurstöðuna fyrir landið allt.





## Mismunandi þróun meðal atvinnugreina

Miðað við stöðuna í lok mánaðar fjölgaði atvinnulausum í flestum atvinnugreinum milli desember og janúar. Fjölgunin var mest í gisti- og veitingaþjónustu. Í öðrum atvinnugreinum var fjölgun atvinnulausra almennt á bilinu 1% til 4%.

Atvinnulausum fækkaði aftur á móti í farþegaflutningum með flugi og lítilsháttar í sjávarútvegi milli desember og janúar.

## Hlutfall erlends starfsfólks hefur aukist


Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 42% í janúar og hefur aukist úr um 40% frá sumri 2021. Flestir almennir atvinnuleitendur sem hafa erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi, eða um 48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Næstir í röðinni koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar.

## Mikill árangur hefur náðst

Þrátt fyrir smá aukningu í janúar hefur atvinnuleysi nú verið svipað í sex mánuði og lítið eitt meira en var í janúar 2020, áður en faraldurinn skall á. Góður árangur í baráttunni við atvinnuleysið hefur ekki hvað síst náðst með mikilli notkun ráðningarstyrkja. Svo virðist sem ráðningarsambönd á grundvelli þessara styrkja hafi haldið nokkuð vel eins og reynsla fyrri ára hefur sýnt.


Svo virðist sem áform fyrirtækja um ráðningar séu áfram mikil. Mjög líklegt er að ný störf þurfi að manna að miklu leyti með aðfluttu vinnuafli og þá gæti atvinnuþátttaka einnig aukist. Horfur í atvinnumálum er því ágætar.

## Atvinnuleysi karla og kvenna í janúar 2022



Heimild: Vinnuálastofnun

## Fjöldi erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá í lok janúar 2022



Heimild: Vinnuálastofnun

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.